

STARFSLEYFI

Fiskmark ehf.

Heitloftspurrkun og pökkun fiskafurða

Hafnarskeiði 21, fastanr. F2212328

815 Þorlákshöfn

kt. 440294 2359

Nafn og kt. rekstraraðila: **Fiskmark ehf., kt. 440294 2359**

Heimilisfang: **Hafnarskeiði 21, 815 Þorlákshöfn**

Útgáfudagur: 1. júlí 2019

Gildir til: 31. desember 2019

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisiskilyrðum:

Fyrir Fiskmark ehf.

dags. 18. júní 2019

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfið áður en gildistími þess er liðinn ef breytingar verða á starfsemi eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 18. júní 2018

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

heilbrigðisfulltrúi



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir heitloftspurrkun fiskafurða og pökkun

Fiskmark hf.

**Hafnarskeiði 21
815 Þorlákshöfn**

kt. 440294 2359

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir heitloftspurrkun fiskafurða og pökkun á ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Leyfilegt er að framleiða úr allt að 10 tonnum af hráefni á sólarhring, eða 50 tonnum á viku.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri



fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efнасambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofta, láða eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, þegar rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. FERSKLEIKI OG MEÐFERÐ HRÁEFNIS TIL VINNSLU

- 2.1 Allt hráefni til vinnslu skal vera ferskt og koma til fyrirtækisins ísað í heilum körum eða ílátum með tryggni yfirbreiðslu. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til fyrirtækisins skulu vera vökvaheld og yfirbyggð.
- 2.2 Ferskleiki hráefnis skal metin daglega með skynmati og niðurstöður þess skráðar í innra eftirlit fyrirtækisins. Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem auðið er og að jafnaði unnið innan fjögurra daga frá móttöku þess.
- 2.3 Allt hráefni skal geymt í kældu rými og skal stærð rýmisins taka mið af umfangi starfseminnar. Hitastig í hráefnisgeymslu skal ekki fara yfir 4°C og skal skrá hitastig hráefnis daglega í innra eftirlit fyrirtækisins.



- 2.4 Hráfnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allur vökvi frá hráefni fara um fitugildru áður en honum er veitt í fráveitu.
- 2.5 Óheimilt er að geyma hráefni sem ætlað er til vinnslu, endurvinnslu eða endurnýtingu utandýra.
- 2.6 Hráefni sem skv. skynmati er metið óhæft til vinnslu skal meðhöndlað í samræmi við gr. 4.6 – 4.11.

3. UMHVERFI

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 3.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálssa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 3.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og halda skal húsnæði og lóð snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfið eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmon. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

4. MENGUNARVARNIR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 4.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.



- 4.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 4.4 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 4.20 og 4.21.
- 4.5 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla- og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Úrgangur

- 4.6 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 4.7 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 4.8 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 4.9 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 4.10 Ílát fyrir fiskúrgang, hvort sem hann er ætlaður til frekari vinnslu annars staðar eða fluttur til förgunar, skulu merkt með áberandi hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- 4.11 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð



spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Sama á við þegar um er að ræða úrgang sem fellur undir reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Meðferð efna

- 4.12 Geyma skal öll efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 4.13 Hættuleg efni og efnasambönd skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 4.14 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

Meðferð olíu og frágangur olíugeyma

- 4.15 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 4.16 Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárænnisli tengt við olíuskilju. Olíugeymir skal búinn yfirfyllingarviðvörn eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarni.
- 4.17 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

Kælíbúnaður og meðferð kælimiðla

- 4.18 Um eftirlit með kælibúnaði og meðferð kælimiðla á kælibúnað fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með kæli- og frystibúnaði fyrirtækisins skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013.

Hávaði

- 4.19 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



Loft- og lyktarmengun

- 4.20 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 4.1, og þess gætt að ryk, reykur og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.
- 4.21 Koma skal í veg fyrir eða draga eins og kostur er úr lyktarmengun frá starfseminni með því að vinna ferskt hráefni og, eftir atvikum, með búnaði sem eyðir lykt úr útblæstri og tryggir með þrýstingsstýringu að allt loft frá vinnslusvæðum fari í lofthreinsikerfi.

Fráveita

- 4.22 Fráveita skal vera í samræmi kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits.
- 4.23 Fráveitulagnir frá hráfnisgeymslum, vinnusvæðum og plönnum þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til, skulu útbúnar með ristum/körfum í niðurföllum til að fanga fastan úrgang og fituskilju, olíuskilju, sandskilju og/eða öðrum hreinsibúnaði eftir því sem við á.
- 4.24 Ristar og körfur í niðurföllum skulu hreinsaðar daglega en olíu-, fitu- og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Úrgang úr ristum og skiljum skal flytja til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 4.25 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur leyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyrur til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur.
- 4.26 Fara skal að fyrirmælum framleiðanda fituskilju hvað varðar hámarkshitastig frárennslis sem renna má um skiljuna þannig að virkni hennar skerðist ekki.

5. EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDAR

- 5.1 Starfsleyfishafi skal koma á innra eftirliti og skráningum í samræmi við reglugerðir, umhverfisstefnu og gæðamarkmið fyrirtækisins. M.a. skal halda skrá yfir og geyma upplýsingar og athugasemdir starfsmanna og eftirlitsaðila um;
- a. Fyrirkomulag og staðsetningu mengunarvarna fyrirtækisins og atvik er varða mengun og mengunarvarnir, s.s.:
- eftirlit, hreinsun, viðhald, bilanir og viðgerðir á mengunarvarnarbúnaði og önnur frávik eða slys tengd honum,
 - mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,



- dagsetning tæmingar og magn efnis úr olíu- og fituskiljum ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar,
 - niðurstöður reglulegra mælinga sem framkvæmdar eru vegna mengunarvarna, s.s. vegna útblásturs og fráveitu.
- b. Magn og ástand hráefnis sem er í vinnslu hverju sinni, þ.m.t. niðurstöður skynmats og hitastig.
- c. Fjöldi kælítækja, tegund og magn kælimiðils, dagsetning áfyllingar, rýrnun, viðbrögð við mengunaróhöppum við kælítæki, eftirlit, viðhald og viðgerðir.
- d. Öryggisupplýsingar og leiðbeiningar um meðferð og notkun efna sem notuð eru á vinnustaðnum.
- e. Magn og tegund spilliefna og hættulegra efna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila og förgunar í samræmi við reglugerð um spilliefni nr. 810/1999.
- f. Magn og tegund úrgangs sem fluttur hefur verið til vinnslu, urðunar eða eyðingar á móttökustöð í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs.

Ofangreindar upplýsingar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

- 5.2 Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik varðandi mengun ásamt öðrum þáttum er geta varðað umhverfis- og almannaheill.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI, GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 6.1 Starfsleyfi þetta er veitt til 6 mánaða frá 1. júlí til 31. desember 2019, í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- 6.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er hverju sinni.

Selfossi 18. júní 2019,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

Fiskmark ehf.

kt. 440294 2350

Hafnarskeiði 21, 815 Þorlákshöfn

vegna heitloftspurrkunar fiskafurða og pökkunar í ofangreindri starfstöð fyrirtækisins.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 9. maí sl. umsókn Hallgríms Sigurðssonar, kt. 230649 2359, f.h. Fiskmarks ehf., kt. 440294 2359, um starfsleyfi fyrir heitloftspurrkun fiskafurða og pökkun að Hafnarskeiði 21.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð hráefnis og úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðápróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á hvorki staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins né skilgreiningu landnotkunar viðkomandi lóðar í aðal- eða deiliskipulagi, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

Hins vegar er rétt að geta þess að í svari skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus við fyrirspurn sem send var í tengslum við endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks í október 2018 og varðaði samræmi starfsemi Fiskmarks ehf. við gildandi skipulag, kom fram að endurnýjun á starfsleyfi fyrir Fiskmark ehf. á sama stað væri ekki í samræmi við stefnu í aðalskipulagi



Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 m.s.br., þar sem stefnt sé að því að flytja lyktarmengandi starfsemi úr þéttbýlinu á iðnaðarlóðir vestan við Þorlákshöfn.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint tók Heilbrigðisnefnd Suðurlands á 196. fundi sínum þann. 9. maí sl. ákvörðun um að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir heitloftspurrkun fiskafurða og pökkun á vegum Fiskmarks ehf. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is. Auglýsingin var birt samdægurs og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 6. júní sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Á þeim tíma sem opinber auglýsing á tillögu að starfsleyfis fyrir Fiskmark ehf. varði, bárust alls 67 erindi þar sem lagst er gegn því að starfsleyfi yrði veitt fyrir starfsemi Fiskmarks ehf. á núverandi stað vegna viðvarandi lyktarmengunar frá starfseminni. Efnislegar athugasemdir við einstaka greinar auglýstrar tillögu að starfsleyfi bárust frá einum aðila. Ein athugasemd barst eftir að auglýstur frestur var liðinn og var hún því ekki tekin til formlegrar afgreiðslu.

Á 197. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 11. júní sl. var farið efnislega yfir innsendar athugasemdir. Hér á eftir er birtur útdráttur úr öllum athugasemdum sem bárust innan athugasemdafrests ásamt viðbrögðum heilbrigðisnefndar við þeim.

4.1 Athugasemd frá Böðvari G. Jónssyni

Í erindi Böðvars er komið á framfæri kvörtun fyrir hönd stórfjölskyldunnar vegna lyktarmengunar sem fyrirtækið veldur og eindregið lagst gegn endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks á núverandi staðsetningu þar sem þeir hafi nú þegar haft rúmlega tvö ár til úrbóta og/eða flutnings.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er meðvituð um að starfsemi Fiskmarks ehf. er þess eðlis að henni getur fylgt lyktarmengun, enda hefur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands borist kvartanir vegna slíkrar mengunar.

Til að bregðast við kvörtunum um lyktarmengun hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands farið í fjölda óboðaðra eftirlitsferða umfram reglubundið eftirlit og sett í starfsleyfi fiskpurkananna Þorlákshöfn fjölda ákvæða sem miða að því að draga eins og unnt er úr lyktarmengun frá starfseminni, þ.m.t. ákvæði um ferskleika, kælingu og skynmat á því hráefni sem berst til vinnslunnar. Sambærileg ákvæði er hvorki að finna í starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefnda né rekstrarleyfum Matvælastofnunar fyrir sambærilega starfsemi annars staðar á landinu.



Sjá nánar rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

4.2 Athugasemd frá Jóni Gíslasyni

Í erindi Jóns kemur fram að hann telji að hafna verði alfarið áframhaldandi starfsemi Fiskmarks vegna gríðarlegrar lyktarmengunar sem frá fyrirtækinu stafi til að bærinn geti haldið áfram að vera eftirsóknarverður staður til að búa á.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jóns Gíslasonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.3 Athugasemd frá Grétari Inga Erlendssyni

Í erindi Grétars kemur fram að hann telji að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafi með öllu brugðist eftirlitsskyldu sinni með fyrirtækinu og skyldu sinni til að verja hagsmuni íbúa. Leggst Grétar eindregið gegn veitingu áframhaldandi starfsleyfis þar sem mengun af þessu tagi skerði búsetugæði til muna og komi í veg fyrir frekari framþróun samfélagsins.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur ekki tekið undir athugasemdir um að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafi með öllu brugðist eftirlitsskyldu sinni gagnvart fyrirtækinu eða skyldu sinni til að verja hagsmuni íbúa.

Til að bregðast við kvörtunum um lyktarmengun hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands farið í fjölda óboðaðra eftirlitsferða umfram reglubundið eftirlit og sett í starfsleyfi fiskþurrkananna Þorlákshöfn fjölda ákvæða sem miða að því að draga eins og unnt er úr lyktarmengun frá starfseminni, þ.m.t. ákvæði um ferskleika, kælingu og skynmat á því hráefni sem berst til vinnslunnar. Sambærileg ákvæði er hvorki að finna í starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefnda né rekstrarleyfum Matvælastofnunar fyrir sambærilega starfsemi annars staðar á landinu.

Sjá nánar rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

4.4 Athugasemd frá Tinnu Björnsdóttur

Í erindi Tinnu kemur fram að hún eins og fleiri íbúar sé orðin ansi þreytt á þeirri lyktarmengun sem kemur frá Fiskmark og vonar hún að starfsleyfið verði ekki endurnýjað nema starfsemin fari út fyrir þorpið.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Tinnu Björnsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.



4.5 Athugasemd frá Guðbjörgu Heimisdóttur

Í erindi Guðbjargar kemur fram að hún leggist eindregið gegn því að Fiskmark verði veitt áframhaldandi starfsleyfi vegna mikillar lyktarmengunar frá fyrirtækinu sem á engan veginn heima í þéttbýli.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Guðbjargar Heimisdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.6 Athugasemd frá Jóni Óskari Erlendssyni

Í erindi Jóns kemur fram að lyktarmengun frá Fiskmark sé suma daga óbærileg í bænum og að hann leggist alfarið á móti því að starfsleyfi Fiskmarks verði framlengt.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jóns Óskars Erlendssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.7 Athugasemd frá Gestnýju Rós

Í erindi Gestnýjar Rósar kemur fram að hún óski þess að þessi fyrirtæki fái ekki starfsleyfi þar sem lyktin sé ógeðsleg, ósjarmerandi og mjög fráhrindandi fyrir fólk og hún vilji gera bæinn að betri stað til að búa á.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Gestnýjar Rósar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.8 Athugasemd frá Ragnheiði Hilmarsdóttur og Steinari Jónssyni

Í erindi Ragnheiðar og Jóns er hvatt til þess að starfsleyfi verði ekki veitt á núverandi stað og benda á nýtt atvinnusvæði.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Ragnheiðar Hilmarsdóttur og Steinars Jónssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi þeirra og við erindi Böðvars.

4.9 Athugasemd frá Laufeyju Helgadóttur

Í erindi Laufeyjar kemur fram að það sé ólíðandi að fyrirtæki sem mengi andrúmsloftið með svona sterkri ólykt fái endurnýjað starfsleyfi og hún mótmæli endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks.



Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Laufeyjar Helgadóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.10 Athugasemd frá Jóni Geir Birgissyni

Í erindi Jóns er lagst eindregið gegn því að að fyrirtækið Fiskmark ehf. fái áframhaldandi starfsleyfi í óbreyttri mynd vegna lyktarmengunar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jóns Geirs Birgissonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.11 Athugasemd frá Helgu Halldórsdóttur

Í erindi Helgu er beint á að það sé algjörlega ólíðandi að íbúar Þorlákshafnar þurfi enn að berjast við hræðilega lyktarmengun sem liggja yfir þorpinu og mótmælir hún harðlega veitingu á áframhaldandi starfsleyfi fyrir Fiskmark ehf.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Helgu Halldórsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.12 Athugasemd frá Kristínu Magnúsdóttur

Í erindi Kristínar er komið á framfæri mótmælum við endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks vegna lyktarmengunar í Þorlákshöfn.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Kristínar Magnúsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.13 Athugasemd frá Hjördísi Alexandersdóttur

Í erindi Hjördísar er óskað eftir því að starfsleyfi Fiskmarks í Þorlákshöfn verði ekki endurnýjað.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er meðvituð um að starfsemi Fiskmarks ehf. er þess eðlis að henni getur fylgt lyktarmengun, enda hefur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands borist kvartanir vegna slíkrar mengunar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er fylgjandi þeirri stefnu Sveitarfélagsins Ölfus um að flytja lyktarmengandi starfsemi út fyrir þéttbýli Þorlákshafnar. Það er hins vegar ekki á færi nefndarinnar að útfæra þá stefnu nánar, heldur bæjarstjórnar og viðkomandi fyrirtækis.



Sjá nánar rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

4.14 Athugasemd frá Guðmundi Jóni Jónssyni

Erindi Guðmundar er samhljóða erindi Hjördísar Alexandersdóttur. Sömu svör eiga því við um erindi hans og við erindi Hjördísar.

4.15 Athugasemd frá Vigni Arnarsyni

Í erindi Vignis er endurnýjun starfsleyfis fyrir Fiskmark harðlega mótmælt þar sem fyrirtækið mengi mikið, hafi mikil áhrif á fyrirtæki Vignis og skipti miklu fyrir búsetugæði allra.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Vignis Arnarsonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.16 Athugasemd frá Þóru Kjartansdóttur

Í erindi Þóru er óskað eftir því að Fiskmark verði ekki veitt endurnýjun á starfsleyfi þar sem það er statt nú, vegna lyktar sem veldur óþægindum og skerði lífsgæði.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Þóru Kjartansdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.17 Athugasemd frá Rúnari Gunnarssyni

Í erindi Rúnars er því mótmælt að Fiskmark verði veitt áframhaldandi starfsleyfi til hausaþurrkunar vegna þess að lyktarmengun frá fyrirtækinu eigi ekki að líðast svo nærri íbúabyggð.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Rúnars Gunnarssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.18 Athugasemd frá Alexander Guðmundssyni

Í erindi Alexanders er farið fram á að starfsleyfi Fiskmarks í Þorlákshöfn verði ekki endurnýjað í þeirri mynd sem það er núna og að það fari úr Þorlákshöfn þar sem það valdi mjög miklum óþægindum fyrir íbúa.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Alexanders Guðmundssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.



4.19 Athugasemd frá Jóhannesi Þór Haukssyni

Í erindi Jóhannesar Þórs kemur fram að hann og aðrir íbúar í sama húsi séu alfarið á mótí endurnýjun á starfsleyfi fyrir Fiskmark vegna lyktarmengunar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jóhannesar Þórs Haukssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.20 Athugasemd frá Svanhildi Ósk Guðmundsdóttur

Í erindi Svanhildar kemur fram að hún sem íbúi Þorlákshafnar geti ekki sætt sig við þessa lykt og starfsleyfi Fiskmarks í þorpinu og sé hún því alfarið á mótí því að fyrirtækið fái áframhaldandi starfsleyfi.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Svanhildar Óskar Guðmundsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.21 Athugasemd frá Jóhannesi Magna Magneussonar

Í erindi Jóhannesar Magna kemur fram að hann og konan hans finni bræðslufýluna mjög oft og að svona lykt eigi ekki heima í þéttbýli árið 2019.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jóhannesar Magna Magneussonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.22 Athugasemd frá Hrafnhildi Hlín Hjartardóttur

Í erindi Hrafnhildar er áframhaldandi starfsleyfi Fiskmarks mótmælt þar sem starfsemin hafi veruleg áhrif á íbúa og að ekki sé hægt undir neinum kringumstæðum að réttlæta endurnýjun starfsleyfis fyrirtækisins nema með þeim skilaboðum að starfsemi þeirra sé mikilvægari en íbúar bæjarfélagsins.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Hrafnhildar Hlínar Hjartardóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.23 Athugasemd frá Brandi Brandssyni

Í erindi Brands er því eindregið mótmælt að Fiskmark fái áframhaldandi veru í Þorlákshöfn vegna ólyktar.



Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Brands Brandssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.24 Athugasemd frá G. Ásgerðar Eiríksdóttur

Í erindi G. Ásgerðar er lýst yfir andstöðu við áframhaldandi starfsleyfi í núverandi mynd fyrir Fiskmark í Þorlákshöfn, vegna þess að starfsemin er verulega lyktarmengandi og langverst á góðviðrisdögum.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi G. Ásgerðar Eiríksdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.25 Athugasemd frá Ægi Stefáni Hilmarssyni og Jensínu Sæunni Steingrímsdóttur

Í erindi Ægis og Jensínu er endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks eindregið mótmælt og óskað eftir því að starfsemi Fiskmarks verði færð úr bæjarfélaginu sem allra fyrst.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Ægis Stefáns Hilmarssonar og Jensínu Sæunnar Steingrímsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi þeirra og við erindi Böðvars.

4.26 Athugasemd frá Vali Rafni Halldórssyni

Í erindi Vals er komið á framfæri athugasemdum við að tekin verði ákvörðun um að veita fyrirtækinu starfsleyfi til 12 ára, enda leiði slík ákvörðun til skertra búsetugæða íbúa. Efasemdir séu uppi um að fyrirtækið uppfylli starfsleyfið og að réttast sé að veita tímabundið starfsleyfi til 1 árs á meðan fyrirtækið færi sig á svæði sem skipulagt er fyrir iðnað sem þennan fyrir utan þorpið.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur ekki tekið undir athugasemdir um að Fiskmark ehf. uppfylli ekki ákvæði starfsleyfis útgefna af nefndinni, jafnvel þótt sterk lykt hafi sannarlega borist frá fyrirtækinu, enda ólíklegt að hægt sé að koma í veg fyrir alla lyktarmengun frá starfsemi eins og þeirri sem fyrirtækið stundar. Hins vegar hafa komið upp tilfelli í eftirliti þar sem um er að ræða frávík frá starfsleyfisskilyrðum og fyrirtækið hefur sinnt kröfum um úrbætur.

Til að bregðast við kvörtunum um lyktarmengun hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands farið í fjölda óboðaðra eftirlitsferða umfram reglubundið eftirlit og sett í starfsleyfi fiskpurrrkananna Þorlákshöfn fjölda ákvæða sem miða að því að draga eins og unnt er úr lyktarmengun frá starfseminni, þ.m.t. ákvæði um ferskleika, kælingu og skynmat á því hráefni sem berst til vinnslunnar. Sambærileg ákvæði er hvorki að finna í starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefnda né rekstrarleyfum Matvælastofnunar fyrir sambærilega starfsemi annars staðar á landinu.



Sjá nánar rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

4.27 Athugasemd frá Bettý Grímsdóttur

Í erindi Bettýjar er óskað eftir því að starfsleyfi Fiskmarks verði ekki endurnýjað vegna loftmengunar frá fyrirtækinu.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Bettýjar Grímsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.28 Athugasemd frá Rafn Gíslasonar

Í erindi Rafns er því mótmælt að Fiskmark fái nýtt starfsleyfi þar sem starfsemin valdi mjög slæmum loftgæðum í Þorlákshöfn.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Rafns Gíslasonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.29 Athugasemd frá Ástu Margréti Grétarsdóttur

Í erindi Ástu Margrétar er fyrirhugaðri framlengingu á starfsleyfi Fiskmarks mótmælt.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Ástu Margrétar Grétarsdóttur er efnislega samhljóða erindi Hjördísar Alexandersdóttur. Sömu svör eiga því við um erindi hennar og við erindi Hjördísar.

4.30 Athugasemd frá Fríðu Björnsdóttur

Í erindi Fríðu er hvatt til þess að starfsleyfi Fiskmarks verði ekki endurnýjað vegna loftmengunar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Fríðu Björnsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.31 Athugasemd frá Sigurði Erni Jakobssyni

Í erindi Sigurðar eru gerðar athugasemdir við endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks vegna þess að meðferð hráefnis hjá fyrirtækinu sé mjög ábótavant og lyktarmengun oft á tíðum langt yfir velsæmismörkum.



Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur ekki tekið undir athugasemdir um að Fiskmark ehf. uppfylli ekki ákvæði starfsleyfis útgefna af nefndinni hvað varðar meðferð hráefnis, jafnvel þótt sterk lykt hafi sannarlega borist frá fyrirtækinu, enda ólíklegt að hægt sé að koma í veg fyrir alla lyktarmengun frá starfsemi eins og þeirri sem fyrirtækið stundar. Hins vegar hafa komið upp tilfelli í eftirliti þar sem um er að ræða frávík frá starfsleyfisskilyrðum og fyrirtækið hefur sinnt kröfum um úrbætur.

Til að bregðast við kvörtunum um lyktarmengun hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands farið í fjölda óboðaðra eftirlitsferða umfram reglubundið eftirlit og sett í starfsleyfi fiskþurrrkananna Þorlákshöfn fjölda ákvæða sem miða að því að draga eins og unnt er úr lyktarmengun frá starfseminni, þ.m.t. ákvæði um ferskleika, kælingu og skynmat á því hráefni sem berst til vinnslunnar. Sambærileg ákvæði er hvorki að finna í starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefnda né rekstrarleyfum Matvælastofnunar fyrir sambærilega starfsemi annars staðar á landinu.

Sjá nánar rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

4.32 Athugasemd frá Ragnheiði Árnadóttur

Í erindi Ragnheiðar er farið fram á að ekki verði samþykkt að Fiskmark fái að halda starfsemi sinni inni í Þorlákshöfn vegna lyktarmengunar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Ragnheiðar Árnadóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.33 Athugasemd frá Hlyni Guðnasyni

Í erindi Hlyns er því mótmælt að Fiskmark fái starfsleyfi sitt endurnýjað með tilheyrandi skertum lífsgæðum fyrir íbúa Þorlákshafnar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Hlyns Guðnasonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.34 Athugasemd frá Sigríði Hilmarsdóttur

Í erindi Sigríðar Hilmarsdóttur er því eindregið mótmælt að fyrirtækið Fiskmark fái áframhaldandi starfsleyfi inni í bæ Þorlákshafnar vegna vondrar og áleitinnar lyktar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Sigríðar Hilmarsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.



4.35 Athugasemd frá Svavari Gíslasyni

Í erindi Svavars Gíslasonar koma fram mótmæli vegna endurnýjunar starfsleyfis Fiskmarks og sagt að mengun frá fyrirtækinu hafi verið vaxandi ef eitthvað er.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Svavars Gíslasonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.36 Athugasemd frá Rúnari Gunnarssyni

Í erindi Rúnars kemur fram að ógeðslega lykt leggi yfir bæinn frá Fiskmark, íbúar Þorlákshafnar eigi rétt á sömu loftgæðum og aðrir og að fullt af úldnum fiski sé látið standa í opnum körum fyrir utan fyrirtækið.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Rúnars Gunnarssonar er efnislega samhljóða erindi Sigurðar Arnar Jakobssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Sigurðar.

4.37 Athugasemd frá Sigurði Steinari Ásgeirssyni

Í erindi Sigurðar Steinars er farið ítarlega yfir málsatvik við útgáfu starfsleyfis Fiskmarks ehf. sem fellur úr gildi þann 30. júní nk. Þar kemur einnig fram að lyktarmengandi starfsemi eins og sú sem Fiskmark starfrækir geti haft mjög neikvæð áhrif á hagsmuni íbúa og fyrirtækja. Áhrifin séu ekki einungis huglæg heldur einnig fjárhagsleg og því verði að gera ríkari kröfur til fyrirtækja sem með starfsemi sinni skerða hagsmuni nærliggjandi aðila. Jafnframt segir í erindinu að ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 10. október 2018 hafi verið afdráttarlaus hvað það varðar að forsvarsmenn fyrirtækisins ættu á gildistíma starfsleyfisins að taka upp viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um framtíðarrekstur fyrirtækisins, þ.e. flutning starfseminnar frá núverandi stað eða taka ákvörðun um stöðvun hennar ella. Þeim tilmælum hafi ekki verið sinnt af hálfu forsvarsmanna fyrirtækisins og því væri í engu falli hægt að réttlæta áframhaldandi starfsemi félagsins við Hafnarskeið, jafnvel þótt aðeins væri í mjög stuttan tíma fram yfir 30. júní 2019.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Sigurðar Steinars Ásgeirssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.38 Athugasemd frá Hrafnhildi Árnadóttur

Í erindi Hrafnhildar kemur fram að endurnýjun starfsleyfis komi niður á lífsgæðum íbúa Þorlákshafnar, ferðaþjónustuaðilum og annarri starfsemi bæjarins og ekki hægt að fórna því fyrir eitt fyrirtæki með fáa starfsmenn.



Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Hrafnhildar Árnadóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.39 Athugasemd frá Hannesi Skúlasyni

Í erindi Hannesar er endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks mótmælt.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Hannesar Skúlasonar er samhljóða erindi Hjördísar Alexandersdóttur. Sömu svör eiga því við um erindi hans og við erindi Hjördísar.

4.40 Athugasemd frá Jóhanna Eivinsdóttur Christiansen

Í erindi Jóhönnu kemur ósk um að leyfinu verði hafnað m.a. vegna ýldulyktar í ákveðinni vindátt og til jafnræðs við leyfisveitingu Lýsis. Hagsmunir íbúanna eigi að ganga fyrir.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jóhönnu Eivinsdóttur Christiansen er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.41 Athugasemd frá Katrínu Jónu Kristinsdóttur

Í erindinu Katrínar kemur fram beiðni um að hugsa um íbúa og fyrirtæki Þorlákshafnar og hafna endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks vegna skerðingar á lífsgæðum.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Katrínar Jónu Kristinsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.42 Athugasemd frá Birgir Sólveigarson

Í erindi Birgis er endurnýjun starfsleyfis mótmælt vegna lyktarmengunar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Birgis Sólveigarsonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.43 Athugasemd frá Guðrúnu Hrönn Stefánsdóttur

Í erindi Guðrúnar Hrannar er endurnýjun starfsleyfis mótmælt vegna lyktarmengunar.



Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Guðrúnar Hrannar Stefánsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.44 Athugasemd frá Berglindar Þorsteinsdóttur

Í erindi Berglindar er endurnýjun starfsleyfis mótmælt vegna lyktarmengunar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Berglindar Þorsteinsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.45 Athugasemd frá Írena Björk Gestsdóttir

Í erindi Írenu Bjarkar er endurnýjun starfsleyfis mótmælt vegna lyktarmengunar sem ekki á heima í þéttbýli.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Írenu Bjarkar Gestsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.46 Athugasemd frá Jónu Guðlaugsdóttur

Í erindi Jónu er fyrirhuguðu starfsleyfi fyrir Fiskmark ehf harðlega mótmælt vegna viðvarandi loftmengunar í Þorlákshöfn mörg undanfarin ár.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Jónu Guðlaugsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.47 Athugasemd frá Herdísí Ragnhildi Einarsdóttur

Í erindi Herdísar kemur fram að hún telji ómögulegt sé að réttlæta áframhaldandi veitingu starfsleyfis Fiskmarks þar sem það leiði til skertra búsetugæða íbúa Þorlákshafnar vegna skertra loftgæða.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.48 Athugasemd frá Óttari Ingólfssyni

Erindi Óttars er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hans og við erindi Herdísar Ragnhildar.



4.49 Athugasemd frá Sigurlaugi Þorsteinssyni

Erindi Sigurlaugs er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hans og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.50 Athugasemd frá Sigrúnar Pálmarsdóttur

Erindi Sigrúnar er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.51 Athugasemd frá Sigrún Hilmarsdóttur

Erindi Sigrúnar er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.52 Athugasemd frá Ómar Ívarsson

Erindi Ómars er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hans og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.53 Athugasemd frá Berglindi Hallmarsdóttur

Erindi Berglindar er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.54 Athugasemd frá Hafdís Hallgrímsdóttur

Erindi Hafdísar er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.55 Athugasemd frá Rakel Daðadóttir

Erindi Rakelar Daðadóttur er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.56 Athugasemd frá Karólínu Stefaníu Þórisdóttur

Erindi Karólínu Stefaníu er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.57 Athugasemd frá Anítu Estívu Harðardóttur

Erindi Anítu Estívu er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.58 Athugasemd frá Sólveigar Pétursdóttur

Erindi Sólveigar er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.



4.59 Athugasemd frá Júlíana Ármannsdóttir

Erindi Júlíönu er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.60 Athugasemd frá Grími Víking Þórarinssyni

Erindi Gríms Víkings er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hans og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.61 Athugasemd frá Bergþóru Björg

Erindi Bergþóru Bjargar er samhljóða erindi Herdísar Ragnhildar Einarsdóttur. Sömu svör eiga því erindi hennar og við erindi Herdísar Ragnhildar.

4.62 Athugasemd frá Ágústu Ragnarsdóttur

Í erindi Ágústu kemur fram að hún telji með öllu ótækt að Fiskmark ehf. fái áframhaldandi starfsleyfi í Þorlákshöfn þar sem svona starfsemi eigi ekki lengur heima í þéttbýli og sé hamlandi fyrir alla; núverandi íbúa, stækkunarmöguleika ferðaþjónustutengdrar starfsemi og mýmörg dæmi eru um að fólk hætti við að fjárfesta í fasteignum í Þorlákshöfn vegna ólyktar.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Ágústu Ragnarsdóttur er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hennar og við erindi Böðvars.

4.63 Athugasemd frá Þórnari F. Gylfasyni

Erindi Þórarins er samhljóða erindi Ágústu Ragnarsdóttur. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Ágústu.

4.64 Athugasemd frá Daða Þór Einarssyni

Í erindi Daða kemur fram að það sé algjörlega óásættanlegt að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ætli hugsanlega að gefa Fiskmark áframhaldandi starfsleyfi og að embættið ætti að taka hagsmuni og lífsgæði íbúanna fram yfir rekstur Fiskmarks. Ekki sé hægt að réttlæta endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks nema þeirra starfsemi sé mikilvægari en loftgæði íbúanna.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Daða Þórs Einarssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.65 Athugasemd frá Elínu Fanndal

Erindi Elínar er samhljóða erindi Daða Þórs Einarssonar. Sömu svör eiga því við erindi Hennar og við erindi Daða Þórs.



4.66 Athugasemd frá Guðmundi Oddgeirssyni

Í erindi Guðmundar Oddgeirssonar er endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks harðlega mótmælt og vísar hann í afgreiðslu bæjarstjórnar Ölfus frá 4. júní 2019 (sjá umfjöllun í lið 5).

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Erindi Guðmundar Oddgeirssonar er efnislega samhljóða erindi Böðvars G. Jónssonar. Sömu svör eiga því við erindi hans og við erindi Böðvars.

4.67 Athugasemd frá Hafdísí Sigurðardóttur

Í erindi Hafdísar kemur fram sú krafa að endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks verði synjað með vísun til sömu röksemda og þegar fyrirtækinu var síðast synjað um leyfi, þ.e. að vinnslan samrýmist ekki þeim skipulagsbreytingum sem gerðar hafa verið í sveitarfélaginu. Til vara er þess krafist að gerðar verði breytingar á skilyrðum leyfisins, ef til skoðunar kemur að gefa út starfsleyfi fyrir fyrirtækið.

Þá er komið á framfæri kvörtun vegna starfsemi fyrirtækisins hingað til, þar sem hún hafi ítrekað haft í för með sér verulega lyktarmengun, bæði við húsnæði fyrirtækisins og þá hefur verið óumdeilt að lyktarmengun hafi borist þaðan, en mun oftast hefur lyktarmengun legið yfir bænum og óvíst hvort hana megi rekja til þessa fyrirtækis eða annars í sambærilegri starfsemi. Hafi þessi lyktarmengun haft í för með sér veruleg áhrif á lífsgæði fjölskyldunnar, enda viðvarandi og ítrekað vandamál, þrátt fyrir að fjölskyldan hafi ekki sent inn kvartanir til HSL á þar til gerðu vefsvæði við hvert tækifæri, enda sé það ósanngjörn krafa.

Hvað varðar athugasemdir við auglýst starfsleyfi, þá kemur fram í erindinu að skilmálarnir, verandi eins eða mjög svipaðir og skv. fyrri starfsleyfum, hafa í framkvæmd engan vegin nægt til að tryggja íbúum Þorlákshafnar eðlileg lífsgæði þar sem skilyrðin séu ekki fullnægjandi til að koma í veg fyrir verulega lyktarmengun og reynslan sýni að starfseminni fylgi óásættanleg lyktarmengun. Jafnframt kemur fram í erindinu að verulegur vafi hljóti að vera um að starfsleyfishafi hafi hingað til fari að ákvæðum starfsleyfisins, þ.e. ákvæðum um ferskleika og meðferð hráefnis til vinnslu í kafla 2, sem og hvað varðar viðbrögð við mengunaróhöppum skv. gr. 4.4.

Þær athugasemdir sem gerðar eru við auglýst starfsleyfisskilyrði eru eftirfarandi:

- a) Verði fallist á kröfu starfsleyfishafa um útgáfu starfsleyfis til ársins 2031, þá væri eðlilegast að leyfið yrði aðeins gefið út fyrir mánuðina janúar til júní og september til desember ár hvert, en fordæmi séu fyrir því að starfsleyfi séu skilyrt við lokun vinnslu yfir sumarmánuðina. Þá er jafnframt talið eðlilegt að í starfsleyfið yrði skilyrt við það að starfsleyfishafi skilaði af sér tímasettri áætlun um framtíðarskipulag á vinnslunni, staðsetningu hennar og stöðvun á núverandi stað, sbr. 16. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæði 1.7 gr. starfsleyfisskilyrðanna, þar sem núverandi staðsetning er í andstöðu við breytingar á skipulagi bæjarins varðandi lyktarmengandi iðnað og í andstöðu við vilja mikils



meirihluta íbúa miðað við skoðanakannanir sem gerðar hafa verið. Gr. 1.1 sé ekki nógu afgerandi eða nákvæm um skyldur starfsleyfishafa í þessum efnum.

- b) Talin er að full ástæða geti verið til að takmarka heimildir starfsleyfishafa til vinnslu enn frekar, sbr. kafla 2 í skilyrðunum, og lagt til að skilyrði séu sett um aldur hráefnis frá veiðum að telja þannig að hráefnið sé ekki unnið sé of langt um liðið frá því að hráefnisins var aflað. Þá er talið að starfsleyfishafa sé veitt óhóflegt svigrúm til að vinna eldra hráefni án þess að gerast brotlegur við ákvæði starfsleyfis með því að notast við orðalagið að jafnaði í gr. 2.2. í starfsleyfisskilyrðum. Eðlilegra væri að nota úrskurðarorð Umhverfisstofnunarinnar í úrskurði vegna ákvörðunar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 6. júní 2008 um útgáfu starfsleyfis til Lýsis hf. í Þorlákshöfn.

Viðbrögð heilbrigðisnefndar Suðurlands

- a) Um er að ræða starfsemi sem hefur í áratugi verið staðsett í sama húsnæði á landnotkunarreit H5 á þéttbýlisuppdrætti Þorlákshafnar sem ætlaður er fyrir hafnsækna starfsemi, svo sem fiskverkun, þjónustu við útgerð og veiðarfæraverkstæði. Þrátt fyrir breytingu á stefnu Sveitarfélagsins Ölfus hvað varðar færslu lyktarmikillar starfsemi út fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn á gildistíma aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022, sem staðfest var með birtingu aðalskipulagsbreytingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. maí 2016, þá voru samhliða ekki gerðar neinar breytingar á þeim skilmálum sem gilda um þann landnotkunarreit sem starfsemi Fiskmarks ehf. er staðsett innan, í þá átt að banna þar með öllu lyktarmikla starfsemi. Jafnframt er ekki að finna í greinargerð téðar aðalskipulagsbreytingar nein tímamörk fyrir það hvenær flutningum á lyktarmikilli starfsemi út fyrir þéttbýli Þorlákshafnar skuli vera lokið, en aðalskipulagið gildir til ársins 2022. Skipulagsleg staða svæðisins og samþykkt notkun húsnæðisins þar sem starfsemi Fiskmarks ehf. fer fram, er því óbreytt og sú sama og þegar fyrri starfsleyfi hafa verið gefin út.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hvorki annast gerð skipulags sveitarfélaga né tekur ákvarðanir um staðsetningu fyrirtækja, en ber lögum samkvæmt að ganga úr skugga um að starfsemi sú sem hún veitir starfsleyfi sé heimil á þeim tiltekna stað skv. skipulagi og samþykktri notkun húsnæðis. Nefndin telur sér ekki fært að setja ströng skilyrði eða fyrirmæli um flutning starfseminnar í starfsleyfi fyrirtækisins, enda er það forsvarsmanna fyrirtækisins að taka ákvörðun um framtíðarrekstur þess, þ.m.t. að taka ákvörðun um flutning þess út fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn. Þrátt fyrir ofangreint taldi Heilbrigðisnefnd Suðurlands ákvörðun sína vera í samræmi við stefnu aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022 m.s.br. með því að takmarka gildistíma starfsleyfis Fiskmarks við rúma 10 mánuði í stað 12 ára eins og sótt var um, til að veita fyrirtækinu svigrúm til þess að taka ákvörðun um framtíðarrekstur þess.

Hins vegar og í ljósi þess að á gildistíma þess starfsleyfis sem gefið var út til 30. júní 2019 hafa ekki farið fram viðræður um framtíðarrekstur fyrirtækisins á milli



forsvarsmanna Fiskmarks ehf. og Sveitarfélagsins Ölfus, eins og tilmæli Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 10. október 2018 hljóðuðu upp á, verður starfsleyfi fyrirtækisins aðeins gefið út til 6 mánaða, frá 1. júlí 2019 – 31. desember 2019.

- b) Til að bregðast við kvörtunum um lyktarmengun hefur Heilbrigðisnefnd Suðurlands sett í starfsleyfi fiskþurrkananna Þorlákshöfn fjölda ákvæða sem miða að því að draga eins og unnt er úr lyktarmengun frá starfseminni, þ.m.t. ákvæði um ferskleika, kælingu og skynmat á því hráefni sem berst til vinnslunnar. Sambærileg ákvæði er hvorki að finna í starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefnda né rekstrarleyfum Matvælastofnunar fyrir sambærilega starfsemi annars staðar á landinu.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur ekki tekið undir að starfsleyfishafa sé veitt óhóflegt svigrúm til að vinna eldra hráefni en fjögurra daga án þess að gerast brotlegur við ákvæði starfsleyfis með því að notast við orðalagið að jafnaði í gr. 2.2. í starfsleyfisskilyrðum, enda er í sömu grein gerð krafa um að ferskleiki hráefni sé metinn með skynmati og í gr. 2.6. kemur fram að ef hráefni sem metið er óhæft til vinnslu með skynmati skuli meðhöndlað sem úrgangur.

Telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands því í ljósi jafnræðis, meðalhófs og vegna skamms gildistíma starfsleyfis, óraunhæft að setja Fiskmarki ehf. strangari skilyrði en öðrum fyrirtækjum í Þorlákshöfn með sambærilega starfsemi.

5. Bókun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Eftirfarandi bókun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfus barst Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti þann 6. júní 2019.

Mál 1809031-Endurnýjun starfsleyfis Fiskmark ehf.

„Bæjarstjórn Ölfuss ítrekar þá umsögn sem ítrekað hefur komið fram og lýsir furðu og undrun á vangetu stjórnvaldsins Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til að tryggja íbúum sveitarfélagsins viðunandi vernd fyrir þeirri mengun sem stafar frá starfsemi fyrirtækisins.

Bent er á að í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss um starfsleyfisskilyrði fiskþurrkunarinnar Fiskmarks ehf. frá 2016 komu fram ítarlegar forsendur þess að sveitarfélagið lagðist gegn því að leyfið yrði veitt til fjögurra ára. Nú um þremur árum síðar eiga öll sömu rök við. Bæjarstjórn vill vekja athygli heilbrigðiseftirlitsins á því að í tilgreindri umsögn frá 2016 (dagsettri 01.10.2016) sagði "Ekki skal koma til álita að framlengja starfsleyfið að tveimur árum liðnum."

Þá er einnig bent á að í útgefnu starfsleyfi fyrirtækisins er skýrt kveðið á um að gildistími þess skuli nýttur til að undirbúa flutning fyrirtækisins á nýtt skipulagssvæði sem sveitarfélagið hefur útbúið sérstaklega fyrir fyrirtæki í



lyktmengandi starfsemi. Skemmst er frá því að segja að frá útgáfu starfsleyfisins síðastliðið haust og til dagsins í dag hefur fyrirtækið ekki sent eitt einasta erindi þess efnis á sveitarfélagið. Bæjarstjórn lýsir furðu og undrun á því skeytingarleysi sem íbúum er sýndur í máli þessu. Fyrir liggja gögn frá HSL sem sýna að í hundruði skipta, árum saman, hafa íbúar kvartað formlega undan lyktarmengun frá tilgreindri starfsemi. Ætla má að þar sé einungis um toppinn á óánægjuísjakanum að ræða. Slíkar kvartanir tekur sveitarfélagið alvarlega enda um hollustuhætti og búsetugæði að ræða. Eðlilegt er að HSL geri slíkt hið sama.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

"Bæjarstjórn leggst eindregið gegn endurnýjun starfsleyfis Fiskmarks"

Samþykkt samhljóða."

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Sjá rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

6. Erindi frá Hallgrími Sigurðssyni framkvæmdastjóra Fiskmarks ehf. og Sólveigu Einarsdóttur stjórnarformanns Fiskmarks ehf.

Í erindi framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Fiskmarks ehf., dags. 7. júní 2019, kemur fram að skortur hafi verið heitu vatni til vinnslunnar að Hafnarskeiði 21. Þessi skortur hafi skaðað starfsemina og í ljósi þess hafi verið ákveðið að taka einn þurrklefa úr notkun og nota rýmið fyrir kæliklefa, en hingað til hafi starfsemin verið með kæliklefa á leigu. Samhliða muni fyrirtækið auka hjallaþurrkun og þurrka stærri hausa í hjöllum en bein og smærri hausa í verksmiðjunni. Ætti lyktarmengun því að verða mun minni en ella, en forsvarsmenn fyrirtækisins telja að lyktarmengunin hafi ekki náð til byggðarinnar áður. Jafnframt er þess getið að verksmiðjan var endurnýjuð fyrir skömmu og tekin upp svokölluð hraðþurrkun og að fyrirtækið hafi alltaf reynt að koma til móts við íbúa Ölfus. Þá kemur fram í erindinu að forsvarsmenn fyrirtækisins vonist til þess að með ofangreindum breytingum fái fyrirtækið starfsleyfi til 12 ára.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Sjá rökstuðning með ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands í lið 8.

7. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Ein breyting var gerð á tillögu að starfsleyfisskilyrðum frá auglýstri tillögu skv. ákvörðun heilbrigðisnefndar. Um er að ræða breytingu á gr. 6.1 þar sem fjallað er um gildistíma starfsleyfisins. Í auglýstri tillögu hljóðar nefnd grein svo:



Starfsleyfi þetta er veitt til 12 ára í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Eftir breytingu er grein 6.1 svohljóðandi:

Starfsleyfi þetta er veitt til 6 mánaða frá 1. júlí til 31. desember 2019, í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

8. Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 197. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 11. júní sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Fiskmarks ehf. tekin til afgreiðslu. Með vísan til meðalhófs var ákvörðun tekin um að endurnýja starfsleyfið til 6 mánaða, frá 1. júlí til 31. desember 2019. Er félaginu þar með veittur frestur til þess að ganga frá lokun rekstursins að Hafnarskeiði 21 í Þorlákshöfn.

Rökstuðningur Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Breyting var gerð á Aðalskipulagi Þorlákshafnar 2010-2022 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. maí 2016, en samkvæmt breytingunni er gert ráð fyrir um 150 ha iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar sem að hluta til er ætlað fyrir lyktarmengandi starfsemi. Markmið Sveitarfélagsins Ölfus með aðalskipulagsbreytingunni er að færa lyktarmengandi starfsemi fjær íbúðarbyggð og þar með út fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn.

Tvö fyrirtæki hafa um langt skeið stundað heitloftspurrkun fiskafurða í Þorlákshöfn, annars vegar Fiskmark ehf. með heimild til að framleiða allt að 10 tonn á sólarhring eða 50 tonn á viku að Hafnarskeiði 21, og hins vegar Lýsi hf. með heimild til að framleiða allt að 40 tonn á sólarhring eða 200 tonn á viku að Unubakka 24-26.

Heitloftspurrkun fiskafurða fylgir sannanlega lyktarmengun sem getur haft í för með sér óþægindi og ónæði fyrir íbúa og fyrirtæki í næsta nágrenni starfseminnar og hefur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands borist kvartanir vegna þessa.

Fiskmark ehf. óskaði eftir endurnýjun starfsleyfis sem rann út þann 10. október 2018. Á 188. fundi heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 29. júní 2018 var umsókninni hafnað á þeim grundvelli að starfsemin væri víkjandi skv. stefnu aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022 m. s.br. um að færa lyktarmengandi starfsemi út fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn. Að beiðni Fiskmarks ehf. var sú ákvörðun endurskoðuð á grundvelli sjónarmiða um jafnræði og meðalhóf, þar sem starfsleyfi Lýsis hf. hafði þá verið endurnýjað til að gefa svigrúm vegna tafa á framkvæmdum við nýja verksmiðju, sem og til að gefa Fiskmarki ehf. og Sveitarfélaginu Ölfus tækifæri til að taka upp viðræður um flutning fyrirtækisins á nýtt iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar, eins og verið hefði í tilfelli Lýsis hf, eða öðrum kosti taka ákvörðun um að stöðva starfsemina að Hafnarskeiði 21 með vísan til fyrirbyggjandi kvartana og athugasemda og stefnu aðalskipulags.



Frá árinu 2012 hefur Fiskmark ehf. ekki fengið afgreitt fullt 12 ára starfsleyfi, heldur hefur starfsleyfi fyrirtækisins verið endurnýjað ýmist til eins eða tveggja ára í senn. Á sama tíma hefur verksmiðja Fiskmarks ehf. verið endurnýjuð að miklu leyti og tækni við þurrkun bætt, auk þess sem kröfur í starfsleyfi hafa verið auknar umtalsvert, sérstaklega hvað varðar meðferð hráefnis og úrgangs. Þrátt fyrir ofangreindar ráðstafanir er ólíklegt að hægt sé að koma í veg fyrir alla lyktarmengun frá starfseminni vegna eðlis hennar. 7 kvartanir um lyktarmengun hafa borist Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá íbúum og atvinnurekendum í Þorlákshöfn frá því að starfsleyfi Fiskmarks ehf. var endurnýjað þann 10. október 2018. Þar af voru 4 kvartanir þar sem Lýsi hf. var tiltekið sem mengunarvaldurinn, en 3 þar sem óvíst var til hvors fyrirtækisins mætti rekja uppruna mengunarinnar. Hins vegar bárust embættinu 67 erindi á auglýsingatíma starfsleyfistillögunnar þar sem lagst er gegn endurnýjun starfsleyfis fyrir Fiskmark ehf. vegna viðvarandi lyktarmengunar sem hafi neikvæð áhrif á lífgæði íbúa, afkomu fyrirtækja og ímynd Þorlákshafnar.

Með vísan til markmiða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduð umhverfi, stefnu sveitarfélagsins um að færa lyktarmengandi starfsemi úr þéttbýli Þorlákshafnar og til sjónarmiða um meðalhóf, hefur Heilbrigðisnefnd Suðurlands tekið þá ákvörðun að endurnýja starfsleyfi Fiskmarks ehf. tímabundið til 6 mánaða frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2019. Er fyrirtækinu þar með veittur frestur til að ganga frá stöðvun rekstursins að Hafnarskeiði 21, enda telur nefndin ekki fært að ná ofangreindum markmiðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með því að minnka framleiðslumagn og/eða gera frekari breytingar á starfsleyfisskilyrðum.

9. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 18. júní 2019.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi